



Ræða flutt 1955 eða 1956 á vesturlandi m.a. um Sjálfstæðisflokkinn

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Ræður – Sjálfstæðisflokkurinn – Vesturland – Lýðræði – Kjósendur –
1955 - 1956

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Ræður
Askja 4-4, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg hefi engan mann heyrt vefsengja, að síðustu árin hafi orðið ótrulega miklar framfarir hér á landi. Hinu hefur verið fleygt, að þær framfarir væru síður en svo að þakka stjórnmálumönnunum, heldur hefðu þær orðið þrátt fyrir þá, því að þeir og þeirra verk væri til illa eins.

Mér, sem hefi fylgzt með stjórnmálum allt frá barnæsku og sjálfur tekið nokkurn þátt í þeim allan minn starfsaldur, er það sennilega ljósara en mörgum öðrum, að áhrif stjórnmálamannanna eru býsna takmörkuð bæði til góðs og illa. Í lýðfrjálsu landi er það auðvitað þjóðin sjálf, sem úrslitum ræður, og stjórnmálin eru aðeins einn þátturinn í lífi hennar, og farseld hennar og velgengni er undir ýmsu öðru komin en stjórnmálakvörðunum. Ór samsafni ónytjunga verður ekki fyrir að beina fárra manna sköpuð dugmikil þjóð og heilbrigð þjóð þarf ekki að glata gæfus inni, þó að hún hafi lélega sjörnendur um sinn. Allt eru þetta aðssæ sannindi, svo og það, að valfreldi stjórnmálamannanna er oft minna en í fljótu bragði virðist og þeir sjálfir og aðrir ætla. Hver maður er barn síns tíma og háður ytri aðstæðum að verulegu leyti. Hinir sönnu forustumenn eru þeir, sem þrátt fyrir alla örðugleika hefja sig til æðri yfirsýnar en allur f jöldinn og fá hann til athafna, sem ella hefðu verið látnar vera. Við íslendingar höfum átt slíka forustumenn og þarf eigi annað en að nefna nafn Jóns Sigurðssonar

til sönnunar því. Slík ofurmenni eignum við ekki nú. En jafnvel þeir hversdaglegu stjórnmálamenn, sem nú eru uppi, hafa átt frumkvæðið að ýmsum ákvörðunum, sem ekki verður um dæilt að hafa mikla þýðingu fyrir framtíð þjóðarinnar. Má þar tilnefna stofnun lýðveldisins 1944, og ákvarðanir Alþingis 1949 og '51 um að skipa okkur í flokk hinna vestrænu menningarbjóða, til varnar frelsi og friði í heiminum. Ennfremur stefnubreytinguna 1950, sem enn var færð til betri vegar 1953, er horfið var frá síharmandi höftum og kvöðum á framkvæmdum og viðskiftum landsmanna til frjálsræðis og sjálfákvörðunar- réttar einstaklingsins um hans eigin mállefni. ~~en~~ ^þ síðasta síðura dæmi ~~stórl~~ leg nefna samning núverandi ríkisstjórnar um rafvæðingu sveitanna.

Auðvitað eru einnig dæmi þess, að ákvarðanir ríkisstjórnar og Alþingis hafi að engu orðið vegna andstöðu öflugra aðila. T.d. hefur viðleitnin til að festa verðlag og tryggja atvinnuöryggi og fjárhagskerfi þjóðarinnar beðið verulegan hnekki vegna afstöðu verkalyfshreyfingarinnar. Miklu oftar hefur það þó orðið hin síðari ár, að stjórnmálaforingar þjóðarinnar hafa með stuðningi meirihluta hennar komið vilja sínum fram til þjóðinni í heild og fjölmögum einstaklingum/ómetanlegs gagns. Stjórnmála mennirnir eiga því áreiðanlega sinn þátt í þeim öru framförum, er orðið hafa hér a landi síðasta áratuginn.

Aldrei hefur ræktun landsins fleygt eins fram. Húsagerð til íbúða og atvinnurekstar ^{new} aldrei verið meiri í sveitum og þéttbýli. Samgöngubætur orðið meiri. Atvinnuvegirnir hafa efst, þrátt fyrir matgs konar

í landi, í lofti og
í lagi aldrei

örðugleika svo sem sauðfjársjúkdóma til sveita og síldarbrest við sjávarsíðuna. Almenningur hefur aldrei í sögu landsins notið betri lífskjara. Skólar og sjúkrahús hafa viðs vegar risið af grunni og menning og listir eru nú fjölbreyttari í landinu en nokkru sinni fyrr. Þannig mætti lengi telja, og skal eg þó láta staðar numið.

Það er fagurt vitni um dug íslenzku þjóðarinnar, að hún jafnlítil þjóð í svo stóru og örðugu landi, skuli hafa getað gert allt það, er hér hefur verið afrekað. En það er einnig sönnun þess, að rétt hefur verið stefnt, að forustan í stjórnþálfunum hefur ekki brugðizt.

Rétt er að hafa þetta í huga, þegar því er haldið fram jafnvæl af sumum þeim, er í orði kveðnu styðja númerandi stjórn, að í raun og veru sé rangt stefnt og miklu betur hefði farið, ef með öðrum hefði verið unnið en okkur Sjálfstæðismönnum. Að stjórnarfundum verðum við að vísu ekki svo mjög varir við þann ófrið, sem nú er reynt að magna gegn okkur. Vitanlega eru ýms ágreiningsefni á milli flokka í ríkisstjórninni og togstreita um málefni, sem geri menn með eðlilegum hætti nokkuð leiðan hvern á öðrum.

En þó að samstarfsmenn þeir, er ég hefi haft í ríkisstjórn á nokkuð mörgum árum séu auðvitað misjafnlega hafir og ólíkir að skapgerð, þá hefi ég aldrei þurft að efast um góðvild neins þeirra, meðan á samstarfinu stóð, eða vilja hans til þess frá sínu sjónarmiðiað finna hina beztu þaklausn málanna.] Pess

vegna vekur það óneitanlega nokkra furðu, þegar mál-gögn þessara sömu manna láta sér ekki nægja deilur um þann raunverulega ágreining, sem fyrir hendi er eins og t.d., að við Sjálfstæðismenn erum hliðhollari frjálsræði í viðskiftum og trúum minna á gagnsemi opinberra afskifta en Framsóknarmenn. Í stað þess að deila um það, sem raunverulega skilur og máli skiftir, eru fundinn upp hinn og þessi þvættingur, ýmist til árása á okkur persónulega, samstarfsmenn Framsóknarmanna, eða Sjálfstæðisflokkinn í heild. Sumt af þessu verður raunar frekar að teljast til gamans en alvöru, og má raunar skoða sem eins konar vitnisburð um framþróunina og vöxtinn í íslenzkum stjórnámum. Fyrir 30 árum var t.d. flokksforingja okkar, Jóni Þorlákssyni, legið mjög á hálsi fyrir það í Tímanum, að hann hefði uppi í Stjórnarráði verið að lesa bók, sem hét "Maðurinn frá Suður-Ameríku". Nú er sú breyting á orðin, að við eignum sjálfir að vera "Mennirnir frá Suður-Ameríku", hvað sem það nú annars á að merkja!"

Ef með því heiti á að gefa í skyn, að við Sjálfstæðismenn séum síður trúir lyðræðinu en aðrir flokkar í þessu landi, þá þarf ekki annað en að minna á, að við höfum áratugum saman ýmist verið í hreinum meirihluta eða haft helming fylgis í höfuðborg landsins, Reykjavík, samtímis því, sem við höfum haft kringum 40-50% alls fylgis í landinu. Það þarf ekki mikla söguþekkingu til að vita, að enginn einræðisflokkur hefur nokkrus inni haft svo mikið fylgi, þegar hann hefur bætizt til valda. Þessa sterku aðstöðu

hefur okkur aldrei komið til hugar að nota floknum til framdráttar eða til að sýna sitjandi ríkisstjórn ögrun, jafnvel þótt hún væri okkur algerlega andstæð. Sízt er hallað á aðra flokka, þó að sagt sé, að Sjálfstæðisflokkurinn er öruggasti lýðfæðisflokkur landsins.

Hlálegast er þó, þegar ásakanir um skortá lýðræðisást eru bornar fram gegn Sjálfstæðisfloknum af mönnum, sem ekki sjá annað úrræði betra í stjórnálum landsins en að mynda stjórn með núverandi formanni Alþýðusambands Íslands. Menni, sem nú hefur gengið á hönd kommúnistaflokkusins og sjálfur beitti sé fyrir því í verkfallinu haustið 1952, að mjólk bænda af Suðurlandsþinglendinu var hellt niður af ofbeldismönnum á vegum úti. Svo að ekki sé á það minst, að nú reynir þessi einkavinur Framsóknarmanna með öllum ráðum að gera Alþýðusamband Íslands að auðvirðulegu tæki til stuðnings í valdabrélti sínu og kommúnista Stuðningur Framsóknarmanna í síðustu Alþingiskosningum við pennan mann og dálæti Tímans á honum nú eru dæmi um þeim bilun í raunverulegum stuðningi ráðamanna þar í hóp við lýðræðisöflin í landinu, sem ef víða verður vart.

Hitt er e.t.v. meira gamanmál en þó íhugunarvert, þegar í Tímanum var nýlega borin fram bein tillaga um að sprengja í loft upp hús, sem Morgunblaðið er að byggja í Reykjavík, og skömmu síðar var þar kvartað undan þeirri ósvífni, að forsætisráðherra landsins skyldi hafa laumast í útvarpið á þjóðhátiðardaginn

til að ávarpa Íslendinga. Hefur slíkt ávarp þó verið fastur liður í þjóðhátiðinni allt frá því að lýðveldið var stofnað og raunar áður, og sagði forsætisráðherrann að þessu sinni ekkert annað í ræðu sinni, en það, sem öll ríkisstjórnin er sammála um.

Þá er talin um milliliðagróðann, sem haldið við er uppi til að spilla samvinnu/Sjálfstæðismenn.

Hver er stærsti og mesti milliliðurinn hér á landi nú annar en einmitt Samband íslenzkra samvinnufélaga? Eg hefi aldrei heyrt, að Tíminn eða Framsóknarmenn fáruðust yfir því, að gróði Sambandsins og félaga þess væri of mikill, þvert á móti hefur Tíminn varið í líf og blóð ólögleg gróðatöku þessara fyrirtækja, jafnvel svo miljónum skifti. Og eftir, að Hæstiréttur hafði kveðið upp dóm sinn, var síður en svo breytt til. Þá var það Hæstiréttur, sem var sekur, en hinir dæmdu Sambandsþjónar saklausir sem umglömb.

Þó aðr sannað sé að þessir aðilar hafi hér gengið of langt, segir ég síður en svo, að gróði þessa mikla milliliðs, S.I.S., sé annars of mikill. Hitt er annað mál, hvort allir sjáí, að milliliðagróða Sambandsins sé ætíð réttilega varið. Það er ekki vízt, að allir viðskiftamenn kaupfélaganna telji það t.d. sjálfsagða ráðstöfun, þegar S.I.S. keypti vörulager raunverulega gjaldþrota vefnaðarvörubúðar í Reykjavík fyrir mun herra verð en kaupmenn þar vildu borga og S.I.S. bauð þeim mun meira, sem kaupmennirnir varfærnar. Hætt er við að þar hafi verið á ferðinni hagsmunir

annarra en þeirra, sem við örðugustu aðstæðurnar eiga að búa úti á landi.

Sem dæmi annarra milliliða, er leggja fyrir fé má nefna bankana, tryggingarfélögin og Eimskipafélag Íslands. Hið síðast talda hefur þó undanfarin ár ekki einu sinni getað lagt svo mikil til hliðar að nærrí nægi, til að standa undir lögheimuluðum afskriftum skipanna. Eimskipafélagið, sem stundum hefur safnað miklu fé, er bezta sönnun þess, hversu fjársöfnun er nauðsynleg til uppbyggings atvinnurekstrarins. Eg hygg, að flestum íslendingum muni hitna um hjartarætur, þegar þeir sjá hinn glæsta skipaflota, sem Eimskipafélag Íslands er nú búið að koma sér upp og enginn óski þá eftir að hann væri minni, heldur flestir að hann væri enn stærri og glæsilegri. En þessara skipa hefði ekki verið hægt að afla, ef félagið hefði ekki á stundum grætt fé og þá lagt það til hliðar til síðari framkvæmda.

Svipuðu málí er að gegna um bankana. Hvernig eiga þeir að geta staðið undir lánsfjárförfinni og gert óteljandi einstaklingum og félagasamtökum fært að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir, ef þeir mega ekki safna fé, bæði til útlána og til þess að standa undir óhjákvæmilegum skakkaföllum?

Peirafilar, sem ég hefi nú talið eru langsamlega stærstu milliliðirnir í landinu og gróði einstakra manna, sem sumir sjá ofsjónum yfir, er smáræði

hjá fjársöfnun þessara aðila. Auðvitað á sér stað óheilbrigður gróði hjá sumum einstaklingum. Slikt verður aldrei umflúið, hvaða reglur sem gilda og hvaða höft og takmarkanir, sem á eru lögð. Hitt er misskilningur, að það þurfi að vera þjóðarheildinni eða öðrum til tjóns, þó að einstakir umsýslumenn hagnist. Mannleg reynsla sannar, að þessu er á veg öfugt farið. Öflugasta lyftistöngin til framfara er einmitt fjárhagsgróði einstaklinganna og hér á landi höfum við séð, að meðsköttum og álögum er auðvelt að jafna eftir á, ef einhver tekur of mikið til sín um sinn.

Hætt er og við, að nú sem fyrr sannist, að þótt margur hyggi auð í annars garð, þá skorti nokkuð á, að hann sé líkur sem ætlað var. Nú nýlega hafa verið lagðir fram eikningar stærata smásöluverzlunarfyrtækisins í Reykjavík, Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis. Þeir sanna, að félag þetta hefur verið rekið með raunverulegum halla og ætti þó að hafa margfalt betri aðstöðu en flestir smákaupmenn. Hér kemur enn fram, að veldur hver á héldur, að ekki er fyrir fram víst, að neitt ákveðið verzlunarform sé í sjálfu sér bezt, heldur er öruggast að leyfa samkeppninni að kveða upp sinn dóm. Það verður almenningi áreiðanlega fyrir beztu.

Þá eru bollaleggingsarnar um, að hægt væri að komast hjá verkföllum, ef milliliðirnir græddu ekki eins og þeir gera nú. Um milliliðagróðann er ég

þegar búinn að ræða. En er það rétt, sem sagt hefur verið, að hætta á verkföllum sé t.d. minni, ef samvinnufélög eiga í hlut, heldur en aðrir? Ekki hafa sést þess merki hér á landi. Mjólkursamsalan í Reykjavík og á Selfossi á t.d. ekki í minni vandræðum með starfsmenn í mjólkurbúðum og mjólkurbúum, heldur en þótt einstaklingar rækju þau fyrirtæki. Úti í löndum er og sú reynsla, t.d. í Englandi, að jafnvel þjóðnýting fyrirtækja, svo sem námuðnaðarins brezka járnbrautanna og fleiri stórstarfrækslu, hefur síður en svo dregið úr verkfallshættunni. Allar bollaþeggingar, sem menn heyra um í þessa átt eru því fymist vísvitand blekkingar eða óskadraumur, sem enga stoð hefur í veruleikanum.

Sannleikurinn er sá, að tvö eru höfuðmein íslenzks þjóðlifs nú á dögum, sem við komustum ekki hjá að lækna. Annars vegar er það, að sjálfir ríkisvaldið er of veikt. Þess vegna er í skjóli verkfalla framið fymiss konar athæfi, ólögmætur ofbeldisverknaður, sem verkföllum kemur ekki við, og sízt helgast af þeim. Úr þessu verður að bæta, ef réttarríki á að haldast á Íslandi. Það merkir ekki að safna eigi liði gegn verkalýsfélögunum eða banna eigi verkfallsrétt þeirra. Slíkt væri algjör fásinna. Ef menn vilja ekki vinna, þá verða þeir ekki með ofbeldi knúðir til þess, og það er jafneðilegt, að verkamenn eigi rétt á að hætta að vinna, ef þeir fá ekki það, sem þeir telja viðunandi kjör, eins og bónindinn á rétt á að hætta að búa, ef hann telur búskapinn ekki borga sig.

Aðalmeinið er það, að verkalyfðshreyfingin íslenzka er nú í höndum manna, sem láta annarleg sjónarmið ráða gerðum sínum. Það er ekki velfarnaður verkalyfðsins eða raunveruleg kjör hans, sem við er miðað, heldur stjórnmálabaráttu, baráttu, til að rífa niður það þjóðskipulag, sem við eignum við að búa, til að greiða götuna fyrir öðru, sem meði meginn hluti Íslendinga telur miklu lakara. Mest aðkallandi verkefnið í íslenzkum stjórnálum nú er það að koma verkalyfðshreyfingunni í hendur ábyrgra manna, sem miða störf sín við raunverulega hagsmuni verkamanna á hverjum tíma og annað ekki. Jafnframt þarf að styrkja íslenzka ríkisvaldið svo, að lítill hópur ofbeldismanna geti ekki virt að vettugi lög og landsrétt og jafnvel hrifsað til sín völd í landinu, þvert ofan í vilja meiri hluta þjóðarinnar. Efling ríkisvaldsins er einnig nauðsynlegt til þess, að Íslendingar geti, þegar um hægist í heiminum, einir tekið að sér gæzlu hinna miklu flugvalla, sem hér eru nú komnir.

Hvorugu þessu, björgun verkalyfðshreyfingarinnar né eflingu ríkisvaldsins, verður náð nema með einlægri samvinnu lýðræðisflokkanna allra. Í því felst engan veginn, að þessir flokkar þurfi ætið allir að vera saman í ríkisstjórn. Þvert á móti væri það mun betra fyrirkomulag en nú er, ef fleiri en einn möguleiki væri til myndunar lýðræðismeiri hluta stjórnar í landinu. Eins og nú háttar er eini möguleikinn annar en sá, sem nú er, til að koma á starf-hæfri stjórn lýðræðisflokkka, að Sjálfstæðismenn einir

fái hreinan meiri hluta, ~~þa~~ er því verður skorið við næstu þingkosningar.

Hvað sem því líður, hver fer með völdin hverju sinni, þá þurfa flokkarnir að vera sammála um viss meginatriði til að ríkið geti staðist og þjóðinni vegnað vel. Þeir þurfa í raun og sonnleika að vera trúir meginreglum lýðræðisins og játa ekki aðeins í orði, heldur í framkvæmd, að lögleg stjórn í landinu skuli hafa nægt vald til að engum blandist hugur um, að hún ráði þar úrslitum. Og þeir verða að sameinast um það, að bjarga Alþýðusambandi Íslands fyr höndum skýjaglöpa og e inræðissinna. Æg tel samvinnu lýðræðisflokkanna um þessi efni og ýms önnur vera óhjákvæmileg nauðsyn. En mér er ljóst, að sú samvinna verður fyrst og fremst að byggjast á styrkleika Sjálfstæðisfloksins, flokksins, sem er sterkasta aflið í landinu, flokksins, sem hefur verið í stjórn einn allra flokka allan tímann frá stofnun íslenzka lýðveldisins, það tímabil í Íslands-sögu, sem framfarirnar hafa orðið mestar og vegur þjóðarinnar glæstastur.

Það er styrkur hverju héraði og byggðarlagi að vera í tengslum við þetta mikla meginafli íslenzkrastjórnsmála. Það á ekki síður við um ykkar fagra, sögufræga hérað en aðra.

Að lokum vil ég óska ykkur til hamingju með hinn nýja forustumann í héraði Friðjón Þórðarson. Hann er einn þeirra manna, sem í verki hafa sýnt tryggð sína við íslenzkar byggðir. Það eru óteljandi menn, sem fara mörgum orðum um ást sína á sveitunum og

gera sér atvinnu að svívirða okkur, sem í bæjunum búum, en una sér þó sjálfir hvergi nema við kjöt-katlana í Reykjavík. Slíka sveitavinum tel ég lítils virði. Hinir eru líklegir til heillavænlegra áhrifa, sem sýna með lífi sjálfss síns, að þeir una sér hvergi nema í heimabyggð sinni. Einn þeirra er Friðjón Þórðarson. Hann er maður líklegur til mikils embættisframa, var í vandasamasta fulltrúaembætti innan lögfraðistéttarinnar í Reykjavík, en blandaðist ekki hugur um eða hikaði aughnablik, þegar hann átti kost að að sækja um sýslumannsembætti í þeirri sveit, sem hann er alinn upp í og ættaður úr. Hann er fjörmikill æskumaður, líklegur til framkvæmda og menningarauka, hvar sem hann beitir sér. Ég er viss um, að Dalasýslu er það mikill fengur að hafa fengið hann fyrir sýslumann og ég er sannfærður um, að Sjálfstæðismenn muni ekki láta langan tíma líða, þar til þeir hafa einnig fengið hann kosinn sem þingmann fyrir heimabyggð sína og þar með tengst á ný trúnaðarböndum við þann flokk, sem mestu gðóu hefur áorkað í íslenzkum stjórnsmálum, Sjálfstæðisflokkinn.